

App Store leiðbeiningar á iPad



Eftir langa bið og mikla vinnu hefur loksins verið opnað fyrir viðskipti frá Íslandi í App Store. Um er að ræða stærstu hugbúnaðarverslun í heimi og er þetta því gífurlega merkur áfangi. Íslendingar hafa fram til þessa þurft að fara króka-leiðir til að nálgast efnið sem fyrirfinnst í þessari verslun en nú er loksins hægt að versla fyrir opnum tjöldum með íslenskum kreditkortum.

Uppsetning á App Store aðgangi er einföld og þægileg. iPad notendur geta ræst App Store beint af skjáborðinu. Aðrir notendur geta fylgt sömu leiðbeiningum gegnum iTunes hugbúnaðinn.

1. Opnaðu **App Store** á skjáborðinu
2. Veldu **Sign In** takkann neðst í App Store
3. Veldu **Create Apple ID**
4. Veldu **Iceland** í listanum sem birtist
5. Netfang er skráð sem auðkenni notanda og lykilorð slegið inn í tvígang, auk þess sem aldur er staðfestur og öryggisspurning er sköpuð skyldi lykilorð gleymast. Því næst er smellt á **Continue**.
6. Greiðslukortaupplýsingar eru gefnar upp. Því næst er smellt á **Continue**.
7. Þá er skráningin farin í gegn og tölvupóstur þess efnis ætti að berast von bráðar. Staðfesta þarf skráninguna með því að smella á **Verify Now >** í tölvupóstinum og skrá sig því næst inn með nýstofnuðum aðgangi.



Við bjóðum þér á ókeypis iPad námskeið á Laugaveg 182
Dagskrá námskeiða finnurðu á... www.epli.is/namskeid

